

## Fundargerð

Ársfundur sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi var haldinn í Minjasafninu í Neskaupstað, föstudaginn 13. maí frá kl. 13:00 – 16:30. Um 40 manns voru skráðir til þátttöku (sjá lista yfir þátttakendur aftast).

## Ávörp, kynningar og erindi

Fundurinn hófst á ávarpi Tómasar Sigurðssonar forstjóra Alcoa Fjarðaáls og Einars Mathiesen, framkvæmdastjóra Orkusviðs Landsvirkjunar. Guðlaug Gísladóttir, starfsmaður verkefnisins, fór yfir starfsemi verkefnisins á árinu 2010 auk þess að fara yfir niðurstöður úr nokkrum sjálfbærnimælingum. Georg Þór Pálsson, stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar og Geir Sigurpáll Hlökkversson framkvæmdastjóri heilsu-, öryggis og umhverfisteymis hjá Alcoa Fjarðaráli fóru einnig yfir mælingar og þróun nokkurra sjálfbærnimælinga. Að lokum fjallaði Grétar Þór Eypórsson prófessor við Háskólann á Akureyri um Sjálfbærni-verkefnið á Austurlandi og gildi þess auk þess sem hann ræddi um rannsóknir RHA um samfélagsleg áhrif virkjunar og álvers á Austurlandi. Kynningar og erindi á fundinum má sjá á heimasíðu verkefnisins: [www.sjalbbaerni.is](http://www.sjalbbaerni.is).

## Endurskoðun og rýni vísa - vinnuhópar

Starfsmaður verkefnisins fjallaði í stuttu máli um ástæðu þess að umræddir vísar, vöktun eða mælikvarðar þörfnuðust endurskoðunar, en helstu ástæður eru eftirfarandi:

- þær mælingar sem styðjast átti við samkvæmt upphaflegri vöktunaráætlun eru ekki framkvæmdar lengur
- vöktunaráætlun og mælikvarðar illa skilgreindir
- mælingar sem framkvæma átti óframkvæmanlegar eða ónákvæmar

Eftirfarandi gögn voru lögð til grundvallar hópavinnu og rýni:

- Leiðbeiningar um sjálfbærni vísa
- Vísir 1.16 – Opnber þjónusta í nálægum byggðum (tengill á plagg)
  - Tengill á vísi
- Vísir 1.20 – Framboð á menningarviðburðum (tengill á plagg)
  - Tengill á vísi
- Vísir 2.7 – Skerðing víðerna (tengill á plagg)
  - Tengill á vísi

## Niðurstöður Vinnuhópa

### Hópur 1 – Skerðing víðerna – vísir 2.7

*Vandamál: Vöktunaráætlun og mælikvarðar illa skilgreindir*

Niðurstaða hópsins var sú að halda ætti vísinum inni, þar sem skerðing víðernis væri gríðarlega mikilvægur þáttur í umhverfisáhrifum framkvæmdanna og hefði mikil áhrif á landslag. Markmiðið varðandi þennan vísir er að ekki verði frekari skerðing á víðerni sem rekja má til Kárahnjúkavirkjunar. Nægileg vöktun er að fylgjast með svæðinu og meta hvort ástæða er til að grípa til aðgerða. Mælingar varðandi þennan vísir snúa eingöngu að þróun sem rekja má til þeirra mannvirkja sem reist voru í tengslum við virkjun. Landsvirkjun ber ábyrgð á vöktun þessa vísirs og á að setja fram upplýsingar um þróun á fimm ára fresti. Æskilegt er að kynna undir þessum vísir aðrar aðgerðir sem geta haft áhrif á víðerni á umræddu svæði, en stór hluti þess fellur undir verndunaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

- ✓ Stýrihópur var falið að fylgja eftir niðurstöðum vinnuhóps og útfæra framkvæmd á vöktun og mælingum í samvinnu við Landsvirkjun.

### Hópur 2 – Opinber þjónusta í nálægum byggðum – vísir 1.16-a-ánægja íbúa með heilbrigðisþjónustu

*Vandamál: Könnun ekki framkvæmd lengur hjá Landlækniseimbættinu.*

Niðurstaða hópsins var sú að vísirinn væri mikilvægur og að mikilvægt væri að mæla árangur á þessu sviði. Góð heilsugæsla skipti máli fyrir íbúa á svæðinu og væri grunnþjónusta sem er hluti af innviðum samfélagsins. Tillaga að mælingu var sú að fyrirtækin sem standa að sjálfbærni- og Væðingarsinu geri árlega könnun á svæðinu varðandi þennan þátt. Í nokkur ár hefur Alcoa spurt um ánægju íbúa með þjónustu á svæðinu. Hópurinn lagði til að í stað þess að spyrja um þjónustu almennt, ætti að skipta þeirri spurningu upp í fleiri flokka, t.d. ánægju með heilsugæslu, sjúkrahús o.s.frv. Takmarkanir varðandi þessa tillögu eru þær að hver spurning í þeirri könnun sem framkvæmd er árlega kostar tugi þúsunda króna.

- ✓ Stýrihópur var falið að vinna úr tillögum vinnuhóps og kanna kostnað og leiðir við framkvæmd á mælingum.

### Hópur 3 – Framboð á menningarviðburðum – vísir 1.20

*Vandamál: Mæling ónákvæm og huglægt mat þess sem safnar upplýsingum lagt til grundvallar niðurstöðu. Skilgreining á „menningarviðburði“ ekki skýrt skilgreind í vöktunaráætlun.*

Niðurstaða vinnuhóps var sú að þessi vísir væri mjög mikilvægur fyrir verkefnið og nauðsynlegt væri að mæla þróun á einhvern hátt. Vandamál varðandi skilgreiningu á „menningarviðburði“ rædd og ákveðið að ánægjuvægi væri betri aðferð til mælinga en talning auglýstra viðburða. Í stað þess að vera með stífa skilgreiningu á því

hvað menningarviðburður er, var lagt til að leyfa svarendum að ákveða í sínum huga hvað menningarviðburður er án þess að þurfa að skilgreina það nánar.


Spurningin gæti hljóðað á eftirfarandi hátt: „hversu ánægður ertu með framboð menningarviðburða á svæðinu?“ Svarendum svo gefið færi á að lýsa ánægju sinni á mælanlegan hátt með huglægu mati sem krefst ekki skilgreiningar á orðinu „menningarviðburður.“ Athugasemd varðandi þessa mælingu er að auk framboðs á menningarviðburðum væri hægt að kanna þátttöku í menningarviðburðum.

- ✓ Stýrihóp falið að setja þessa aðferð við mælingu í framkvæmd. Ekki var tekin ákvörðun um könnun á þátttöku í menningarviðburðum.

#### Hópur 4 – Opinber þjónusta í nálægum byggðum – vísir 1.16-b-ánægja íbúa með opinbera þjónustu

*Vandamál: Þessi mæling hefur aldrei verið framkvæmd, en Alcoa hefur spurt um ánægju íbúa með „þjónustu“ á svæðinu í skoðanakönnunum sínum í nokkur ár.*

Hópurinn var sammála um að halda ætti vöktun inni varðandi þennan vísir en taldi að mikilvægt væri að skilgreina betur hvað „opinber þjónusta“ væri. Hópurinn var með hugarflug um hvað opinber þjónusta er og lagði til að nýir mælikvarðar yrðu skilgreindir, t.d. út frá hugmyndaflæðinu (sjá mynd). Athygli var vakin á því að skv. könnun sem var hluti af meistaraverkefni við Háskólann á Akureyri kom fram að framboð á afþreyingu og menningu er áhrifaþáttur varðandi ákvörðun íbúa um brottflutning af svæðinu.



Niðurstaða ársfundar er sú að vísa áframhaldandi vinnu við skilgreiningu á nýjum mælikvörðum og framkvæmd á mælingu þessa vísis til stýrihóps.

- ✓ Stýrihópur mun skoða hvort rétt er að fá háskólasamfélagið eða sérstaka ráðgjafa til þess að koma að þeirri vinnu.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls sleit fundi kl. 16:30. Fundaritari: Guðlaug Gísladóttir, starfsmaður Sjálfbærniverkefnisins á Austurlandi.

## Listi yfir þátttakendur

|                            |                                |
|----------------------------|--------------------------------|
| Anna Björk Hjaltadóttir    | Alcoa Fjarðaál                 |
| Aníta Júlíusdóttir         | Landsvirkjun                   |
| Aðalsteinn J. Halldórsson  | Þekkingarnet Þingeyinga        |
| Anna Heiða Pálsdóttir      | Alcoa Fjarðaál                 |
| Árni Jóhann Óðinsson       | Landsvirkjun                   |
| Árni Steinar Jóhannesson   | Fjarðabyggð                    |
| Björgólfur Thorsteinsson   | Landvernd                      |
| Björn Ingimarsson          | Fljótsdalshérað                |
| Dagbjartur Jónsson         | Landsvirkjun Fljótsdalsstöð    |
| Dagný Björk Reynisdóttir   | Alcoa Fjarðaál                 |
| Davíð Baldursson           | Eskifjarðarprestakall          |
| Einar Mathisen             | Landsvirkjun                   |
| Erlín Emma Jóhannsdóttir   | Náttúrustofa Austurlands       |
| Geir Hlöðversson           | Alcoa Fjarðaál                 |
| Georg Þór Pálsson          | Landsvirkjun                   |
| Gerður Guðmundsdóttir      | Náttúrustofa Austurlands       |
| Grétar Þór Eypórsson       | Háskólinn á Akureyri           |
| Guðlaug Gísladóttir        | Þekkingarnet Þingeyinga        |
| Guðmundur Bjarnason        | Alcoa Fjarðaál                 |
| Guðmundur Sveinsson        | Alcoa Fjarðaál                 |
| Guðný Hauksdóttir          | Alcoa Fjarðaál                 |
| Guðrún Á. Jónsdóttir       | Þekkingarnet Austurlands       |
| Gunnlaugur Aðalbjarnarson  | Alcoa Fjarðaál                 |
| Hákon Aðalsteinsson        | Landsvirkjun                   |
| Helgi Laxdal Helgason      | Alcoa Fjarðaál                 |
| Hilmar Sigurbjörnsson      | Alcoa Fjarðaál                 |
| Jón Ágúst Jónsson          | Náttúrustofa Austurlands       |
| Laufey Sigurðardóttir      | Alcoa Fjarðaál                 |
| Olga Lía Garðarsdóttir     | Verkmenntaskóli Austurlands    |
| Páll Björgvin Guðmundsson  | Fjarðabyggð                    |
| Pétur Ingólfsson           | Landsvirkjun                   |
| Ragnheiður Ólafsdóttir     | Landsvirkjun                   |
| Sigurður Guðni Sigurðsson  | Landsvirkjun                   |
| Sigurður Ólafsson          | Alcoa Fjarðaál                 |
| Sindri Óskarsson           | Landsvirkjun                   |
| Stefanía G. Kristinsdóttir | Þekkingarnet Austurlands       |
| Tómas Sigurðsson           | Alcoa Fjarðaál                 |
| Valdimar O. Hermannsson    | Heilbrigðisstofnun Austurlands |

Sjá nánar um Sjálfbærni- og Verkefnið á Austurlandi á heimasíðu verkefnisins: [www.sjalbbaerni.is](http://www.sjalbbaerni.is)